

Ed.

155. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

Flm.: Einar Arnason.

6. gr. A. II. 2. 1. málsg. orðist svo:

Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn á staðnum. Skattanefnd ákveður arð þennan, enda láti félagið nefndinni í té glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annarskostar áætla skattanefnd arð af skiptum þessum, og byggist útsvarið á því.

Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar og rikisskattanefndar, eftir sömu reglum og gilda um áfrýjun útsvara, hvort heldur er sérstökum eða ásamt kærú yfir aukaútsvari því, sem niðurrjöfnunarnefnd hefir lagt á arð af þessum viðskiptum.

Greinargerð.

Ákvæði gildandi útsvarslaga um útsvarsskyldu samvinnufélaga af arði af viðskiptum utanfélagsmanna hafa valdið allmiklum ágreiningi í framkvæmdinni. Stafar sá ágreiningur af því, að viðkomandi niðurrjöfnunarnefndir hafa í ýmsum tilfellum ekki tekið til greina þær skýrslur, er kaupfélögin hafa í té látið um þessi viðskipti og arð af þeim, heldur lagt útsvar á eftir eigin geðþótta og án þess að gera grein fyrir, hversu mikinn þær teldu arðinn. Hafa út af þessu risið allmiklar erjur og kærúmal og úrskurðir gengið sitt á hvað.

Með þessu frumvarpi er ætlazt til, að skattanefnd ákveði fyrirfram, með hliðsjón af skýrslum viðkomandi félags, hversu mikill skuli teljast arður þess af viðskiptum utanfélagsmanna, og byggir þá niðurrjöfnunarnefnd útsvarið á þeirri upphæð. Ætti með þessu að vera fenginn grundvöllur undir álagningu niðurrjöfnunarnefndar, sem við mætti hlita.